

Sveitarfélagið Árborg  
b/t Bárður Guðmundsson  
Austurvegi 2, Ráðhús  
800 Selfoss

Reykjavík, 7. ágúst 2019  
UST201907-072/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Breyting - Aðalskipulag Árborgar 2010 - 2030 - Björk og Jórvík**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Árborgar er barst 8. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2010 – 2030 og nýtt deiliskipulag í landi Bjarkar og Jórvíkur.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felur í sér að stækka svæði íbúðarbyggðar sunnan við Selfoss sem er í dag skilgreint sem landbúnaðarland, í tengslum við skipulagt íbúðarsvæði „Björkurstykki“ í landi Bjarkar.

#### **Gróðurfar og lífríki**

Í greinargerð kemur fram að svæðið er í dag að mestu leyti óræktar hagaland. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um það fjölbreytta gróðurfar og lífríki á svæðinu ítarlegar í tillögunni. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðirnar víðikjarrvist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í víðikjarrvist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), skógarþróstur (*Turdus iliacus*) og grágæs (*Anser anser*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni, en stofnunin telur að tillagan geti haft neikvæð umhverfisáhrif á vistgerðir og fuglalíf. Auk þess telur Umhverfisstofnun mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvaða leiðir verði farnar til að vernda ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

## Jarðminjar

Skipulagssvæðið liggur á Þjórsárhrauni sem er nútímahraun og fellur því undir a lið 2 mgr. 61 gr laga nr 60/2013 um náttúruvernd

Í 61. gr laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra jarðminja sem taldar eru upp í 2. mgr greinarinnar. Skv. 3 mgr ber að forðast roskun á jarðminjum sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt roskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að náttúrufari sé lýst ítarlegar í tillögunni og fjallað sé um hver áhrif tillögunnar verða á jarðminjar á svæðinu.

  
Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur